

2. gr.

13. gr. orðist svo:

Vatnsskattur skal vera 0.2% (0.2 af hundraði) af fasteignamati.

Lágmarksvatnsskattur skal vera kr. 1 200.00.

Ef fasteign, sem greiða ber af vatnsskatt og tengd er við vatnsveituna, er ekki virt til fasteignamats, ákveður vatnsveitan skattinn.

3. gr.

14. gr. orðist svo:

Auk vatnsskatts samkv. 13. gr. skal greiða aukavatnsskatt af þeim húsum, er nota vatn til annars en venjulegra heimilisnota, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, eða af öðrum ástæðum.

Af gróðurhúsum skal greiða kr. 6.00 fyrir hvern fermetra.

Fyrir aðra notkun skal greiða gjald, sem vatnsveitan ákveður.

Vatnsveitunni er heimilt að setja upp vatnsmæla, þar sem því verður við komið og henta þykir og skal þá greiða aukavatnsskattinn samkvæmt mældri notkun, eftir sérstakri gjaldskrá.

4. gr.

15. gr. orðist svo:

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið.

Gjalddagi vatnsskatts er 15. janúar ár hvert.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts af húseign sinni.

Vatnsskatt má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveðrétti í eigninni næstu 3 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

5. gr.

16. gr. orðist svo:

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka vatnsskatt samkv. þessari reglugerð um allt að 50% án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin auglýsing um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu í Hveragerðishreppi nr. 143 24. júlí 1963.

Félagsmálaráðuneytið, 15. febrúar 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um niðurföfnun og innheimtu vatnsskatts í Mosfellshreppi.

1. gr.

Almennur vatnsskattur.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Mosfellshrepps, sem liggja við vegi eða opin svæði, þar sem dreifiaðar vatnsveitunnar liggja, skal greiða árlegan vatnsskatt og skal honum varið til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna.

Sama er og um aðrar fasteignir, sem fá vatn úr veitukerfi Vatnsveitu Mosfells-
hrepps.

Alagningarstofn almenns vatnsskatts skal vera heildarmat hverrar fasteignar, þ. e. a. s. mat mannvirkja að viðbættu mati lóðar skv. lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963.

Nú er fasteign, sem greiða ber af vatnsskatt, eigi virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður þá vatnsveitan skattinn. Við ákvörðun vatnsskatts samkvæmt þessari málsgrein skal höfð hliðsjón af því, hvert líklegt fasteignamat myndi verða á eiginni fullfrágenginni.

Um hús, sem eru í byggingu og því eigi virt fasteignamatsvirðingu, skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

1. Vatnsskattur skal lagður á öll hús í byggingu samkvæmt ákvæðum 1. og 4. mgr. hér á undan, ef lokið er við steypu á efstu plötu, ellegar ef þakúttekt hefur farið fram.
2. Miða skal upphaf vatnsskattsálagningar við úttektardagsetningu byggingarfulltrúans í Mosfellshreppi, ef hún er fyrir hendi, annars áætlað vatnsveitan viðkomandi dagsetningu.
3. Vatnsskatturinn skal reiknast á 1. ári hlutfallslega frá þeim mánuði, sem úttektin átti sér stað.
4. Hafi bygging verið lengur en þrjú ár í smíðum, án þess að vera vatnsskattshæf samkv. framangreindum reglum, skal reikna vatnsskatt af mannvirkjum eins og þau væru fullfrágengin.

Þriggja ára tímabilið skal reiknast frá þeim tíma, er úttekt á grunni byggingarinnar fór fram samkvæmt bókum byggingarfulltrúans í Mosfellshreppi.

2. gr.

Húseigandi, sem beiðist tengingar við vatnsæðar vatnsveitunnar, skal leggja fram teikningu af vatnskerfi sínu.

Húseigandi skal einnig greiða tengigjald til vatnsveitunnar áður en tenging fer fram og skal það miðast við rúmmál húss hans að utanmáli. Er gjaldið kr. 12.00 á hvern rúmmetra húss og er það miðað við byggingarvísitölu 543 stig, en heimilt er hreppsnefnd að hækka það eða lækka í samræmi við breytingar á byggingarvísitölunni. Tengigjald skv. þessari grein skal þó aldrei vera lægra en kr. 5 000.00.

3. gr.

Vatnsskatt skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem virtar eru til fasteignamats og vatni er veitt í eða næst til vatnsæða frá og nemur hann árlega 0.20% fasteignamats, þ. e. a. s. af mati mannvirkja ásamt mati lóðar.

Auk þess skal greiða fastagjald kr. 1 000.00 af hverri húseign árlega. Séu fleiri en ein íbúð í sama húsi, greiðist árlega kr. 1 000.00 af hverri íbúð.

4. gr.

Auk almenns vatnsskatts skv. 3. gr. skal heimilt að innheimta álag á vatnsskattinn, svokallaðan aukavatnsskatt, sem hér segir:

Á fasteignir, sem notaðar eru til annars en venjulegra heimilisnota t. d. vegna atvinnurekstrar og annarrar starfrækslu, sem þarf vatnsnot vegna framleiðslunnar skal aukavatnsskatt að jafnaði greiða skv. mældri notkun, en verði því eigi við komið, skal hinn árlegi vatnsskattur greiddast með allt að 100% álagi eða skv. nánari ákvörðun sveitarstjórnar. Skyllt er að greiða vatnsskatt af húseignum og mannvirkjum, sem eru í byggingu, þótt ekki liggja fyrir fasteignamat, eftir nánari ákvörðun sveitarstjórnar. Aukavatnsskattur skv. mæli skal vera kr. 3.70 á hvern rúmmetra vatns.

Framantalin gjöld miðast við byggingarvísitölu 543 stig, en heimilt er sveitarstjórninni að hækka þau eða lækka í samræmi við breytingar á byggingarvísitölunni.

Jafnframt getur sveitarstjórn hækkað eða lækkað um allt að 50% framantalin gjöld, öll þeirra eða hvert um sig, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

5. gr.

Gjalddagi vatnsskatts.

Vatnsskattur hvers árs fellur í gjalddaga 15. janúar og ber að greiða hann til sveitarstjóra.

Þar sem aukavatnsskattur er ákveðinn, sbr. 4. gr. er heimilt að innheimta skattinn á 4 gjalddögum, í lok hvers ársfjórðungs.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögtaksrétti í eigninni næsu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Mosfellshrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 95 5. júní 1947 um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 19. febrúar 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu í Mosfellshreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Mosfellshrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveita hreppsins nær yfir og hún getur fullnægt.

2. gr.

Vatnsveitunefnd skipa 3 aðalmenn og 3 varamenn, tveir aðalmenn kosnir af sveitarstjórn til fjögurra ára auk sveitarstjóra. Annast hún öll framkvæmdastörf, viðhald og endurbætur vatnsveitunnar og umsjón eigna í samráði við sveitarstjórnina.

3. gr.

Hver sá, er vill komast í samband við vatnsveitu Mosfellshrepps, skal senda vatnsveitunni skriflega umsókn þar um. Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um, hve mikið vatn hlutaðeigandi telur sig þurfa að nota, sé um að ræða annað en venjulega heimilisnotkun.

4. gr.

Eftirlitsmanni vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, sem eru sett í samband við þær. Ef honum þykir útbúnaði í einhverju ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því, ella geri umsjónarmaður það á hans kostnað.